

Fundur skólaráðs 17.apríl 2023

Mættir: Trostan, Íris, Þyrey, Sigrún Gylfa, Kristvina, Sigrún, Trausti Helgi, Bríet.

Dagskrá:

1)

Skóladagatal.

Skóladagatal ársins 2023-2024 lagt fram.

Farið yfir upphaf skóla, vetarfrí, jóla- og páskaleyfi, niðurröðun starfsdaga á vikudaga og fjallað um árshátíðir og veitingar við skólaslit.

Einnig spurt um sveitadaga sem ekki eru merktir á dagatal en eru samt áætlaðir á næsta ári.

Dagatalið samþykkt og verður það því sent fræðslunefnd.

2)

Umræða um fund sem skólaráð þarf að halda að hausti skv. skýrslu eftir ytra-mat.

Skipuleggja þarf umgjörð fundar, að velja tíma og ákvarða fundarefni.

Hafa þarf samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun. Markmiðið er að hafa lýðræðislega umræðu.

Rætt var um að hafa þjóðfundafyrirkomulag eftir kynningu á skólaráði og hlutverki þess.

Málið var fyrst og fremst til kynningar en á vofundi skólaráðs verður

3) Önnur mál.

Rætt um skólaslit og þá gleði sem kaffisamveran veitir. Skólaslitin verða samkvæmt

skóladagatali þann 31. maí og var afráðið að þau yrðu kl. 20:00 í Miðgarði samkvæmt venju.

Kaffiveitingar á eftir.

Næsti fundur og jafnframt sá síðasti á þessu skólaári er á dagskrá mánudaginn 15. maí.